

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 21. október 2020
UST202003-228/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30.9.2020 hjá Matorku ehf. Grindavík

Þann 30. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Matorku ehf, reit i5 Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram.

Virðingarfyllt

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Matorka ehf.	30.09.20	Grindavík iS	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
500412-0540	14.01.31	Já	Áframeldi á landi, allt að 3000 tonn árlega af bleikju, laxi, regnbogasilungi eða borra.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Framleiddur lífmassi 2019 var tæp 1100 tonn og afföll rúm 60 tonn. Standandi lífmassi þegar eftirlit fór fram var tæp 750 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýtt 6000 tonna starfsleyfi í stað þessa beið útgáfu þegar eftirlitið fór fram. Hætt var við áform um að fella starfsleyfi seiðastöðvar, Húsatóftum, undir það leyfi. Leyfið var afhent rekstraraðila þann 19. október sl. og gildir það til 8. október 2036. Allar fjórar kerjalínur stöðvar eru komnar í notkun.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar. Fóðrun, framleiðsla og afföll skráð í Farm control, aðrar skráningar t.d. viðhald og þrif gerðar í dagbækur og eyðublöð og mánaðarskýrslur skrifaðar upp úr því.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 24. apríl sl.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 24. apríl sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna	X			Uppfærð gæðahandbók barst eftir seinasta eftirlit. Uppfærðar áætlanir v. rekstrarstöðvunar og bráðamengunar voru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				Áætlanirnar voru á staðnum í gæðahandbókinni. Viðbragðsáætlun vegna óvissustigs m.t.t. jarðhræringa á Reykjaneskaga var send stofnuninni í janúar 2020.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Er í gildi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í gæðahandbók. Sjá ofar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Starfað eftir ASC staðli.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Blásið í eldisker byggt á vaxtarlíkðnum með fóðurtölvu.
Er skráning á losun fosfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Losunarmörk eru 14 kg/tonn. Mælingar voru seinast gerðar í mars 2020. Útreikningar rekstraraðila á losun frá mælingum 2019 er 7,0 kg P/ framleitt tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Frárennslis leit vel út, og ekkert óeðlilegt að sjá. Eitthvað var af fugli á svæðinu en ekkert umfram það sem eðlilegt getur talist.
Nánari lýsing á mengunarvarnaráðnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Tromlusúr eru við ker í línun þar sem vatn er hreinsað áður en því er hleypt áfram í næsta ker. Enn sem komið er er seyran ekki fjarlægð heldur sameinast frárennslis eldislínu og rennur til sjávar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Losað er í sjó, um 300 m frá brunni eftir að frárennsli allra kerjalína sameinast ásamt frárennsli frá minni Húsatóftastöð, i6.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Sýni eru tekin reglulega, mælt heildarfosfór, heildarköfnunarefni, COD og svifagnir. Skv. vöktunaráætlun eru teknar myndir mánaðarlega við útrás til sjónræns mats á mengun. Eftirlitsaðili óskar þess að þær fylgi ársyfirliti framvegis. Vöktunaráætlun, sem hefur verið uppfærð m.t.t. stækkunar og tekur einnig til seiðastöðvar, var send eftirlitsaðila eftir að eftirlitið fór fram.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur er sóttur af Skinnfiski 3x í viku. Annar úrgangur, líkt og heimilissorp frá starfsmönnum er flokkaður í sorptunnur og HP Gámar sér um móttöku þess.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			Niðurstöður mælinga 2019 bárust í eftirliti 2019 og með ársyfirliti. Mælingum frá því í mars 2020 hefur verið skilað.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki er gerð krafa um frekar mælingar en þær sem vísað er í hér að ofan.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu áætluðu mælingar eru 2021, Heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og COD í frárennsli Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ekkert frávík kom fram við eftirlit 2019 en ein ábending var gerð.

Samantekt:

Stöð sem notar engin lyf eða hreinsiefni.

Mikil endurnýting er á vatninu sem er veitt út í sjó án hreinsunar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Í stöðinni er í dag alin bæði bleikja og regnbogasilungur. Seiðin koma úr seiðastöð Matorku Húsatóftum og eru alin í sláturstærð.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar þess að myndir af útrás sem teknar eru mánaðarlega fylgi ársyfirliti framvegis.</p>
Annað:	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.</p> <p>Rekstraraðili sendi skráningu vegna olfugeyma þann 2. október sl.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Grindavík i5



Dags eftirlits	30.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Reitur 15, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ein ábending er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Farið var í vettvangsferð og frárennsli skoðað ásamt aðstæðum á eldisstöð. Fjarfundur var svo haldinn þar sem farið var yfir gögn og áætlanir eldisstöðvarinnar. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir eldri eftirlitsskýrslur, frávik/ábendingar og úrbætur
- Framleiðsla 2019
 - o Standandi lífmassi
 - o Sláturtölur
 - o Magn affalla
- Gagnaskil og skráningar
 - o Ársyfirlit
 - o Grænt bókhald
 - o Útstreymisbókhald
- Frárennsli og mælingar
- Áætlanir og tilkynningar
- Skráningar, meðhöndlun og endurnýting, endurvinnsla eða förgun úrgangs
 - o Dauðfiskur
 - o Lyf/spilliefni
 - o Annar úrgangur
- Skráning olúgeyma á landi skv. reglugerð nr. 884/2017.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir því að þær myndir sem teknar eru mánaðarlega við útrás frárennslis fylgi ársyfirliti stöðvarinnar framvegis.

ANNAR

Ósk Sigvaldadóttir var viðstödd fjarfund þar sem farið var yfir gögn og áætlanir. Garðar Sigþórsson var viðstaddur skoðunarferð að útrás frárennslis.

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.10.2020

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir